

Fundargerð

Fundur um breikkun Reykjanesbrautar með landeigendum í Vatnsleysustrandarhreppi.

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Vogum, Vatnsleysuströnd, 29.08. 2001.

1. Hilmar Finnsson, Vegagerðinni, setur fundinn og býður menn velkomna og gerir grein fyrir fundarefni. Fer síðan almennum orðum um fyrirhugaða framkvæmd.
2. Stefán Erlendsson, Vegagerðinni, segir frá lögfræðilegum atriðum er snúa að samningum við landeigendur. Landeigendur eiga rétt á bótum fyrir land undir veg samkvæmt samningum eða mati ef samningar nást ekki. Haft verður samband við eigendur á síðari stigum og þeim gert tilboð um bætur.
3. Ólafur Sigurðsson, Hönnun, kynnir framkvæmdina nánar með sýningu tölvumynda af fyrirhugaðri framkvæmd. Sýndar myndir af hugmyndum um útfærslu á gatnamótum. Einnig var sýnd mynd af veglínu með innfærðum landamerkjum og landeigendur beðnir að gera athugasemdir við þær.
4. Fyrirspurnir og umræður.

Jón Bjarnason: Hvenær verða teikningar af vegstæði tilbúnar. Svar HF: Á miðju næsta ári.

Birgir Þórarinnsson: Er gert ráð fyrir undirgöngum við Strandarheiði fyrir útivistarfólk. Svar HF og ÓS: Nei.

Jakob Árnason: Heimildir um landamerki, hverjar eru þær. Svar ÓS: Les upp úr formála að greinargerð Jóns Gunnarssonar, Vogum. Jakop gerir þá athugasemd, að Auðnahverfi sé skert um 30 ha. og þeir færðir á Breiðagerði.

Magnús Ágústsson: 1) Hvenær og hvernig eignaðist ríkið 60 m. breitt vegsvæði. 2) Verða greiddar bætur fyrir núverandi vegsvæði, sem ekki var greitt fyrir á sínum tíma. 3) Verður Vogavegur og Vatnsleysustrandarvegur lagaður í tengslum við framkvæmdina. 4) Verður Reykjanesbraut girt. 5) Verður brautin lýst. Svör: 1) Breidd vegsvæðis er talin 40 m. ekki 60 m. (HF) 2) Nei, kröfur frá þeim tíma teljast fyrndar. (SE) 3) Nei. (HF) 4) Gert ráð fyrir að svæðið verði fjárlaust og ekki girt. (HF) 5) Já, brautin verður lýst. (HF)

Hermann Friðriksson: Er mögulegt að Vegagerðin taki vegsvæðið á leigu í stað eignarnáms. Svar: Nei, ekki fordæmi fyrir því. (SE)

Kristín ? Geta landeigendur gert kröfu um greiðslu fyrir núverandi vegsvæði hafi þeir ekki gert kröfu áður. Svar: Nei, kröfurnar eru einnig fyrndar. (SE)

Skúli Þorvaldsson: 1) Síðasta þekkta verðið á landi á svæðinu er verð greitt fyrir Flekkuvík, verður miðað við það ? 2) Hvert eiga landeigendur að beina athugasemdum. Svar: 1) Ekki hefur verið ákveðið hvaða verð verði boðið fyrir land (HF, SE) 2) Beina á athugasemdum við umhverfismatsskýrslu til Skipulagsstofnunar.

Hörður Einarsson: Athugasemd. Telur kröfur ekki fyrndar og hefðartíma ekki liðinn (40 ár)

Jón Bjarnason: Samkomulag við eigendur Vogajarða fól í sér viðurkenningu á að greiða ætti fyrir núverandi vegsvæði. Svar: Nei, samkomulag var vegna breikkunar við Vogavegamót þar sem farið var út fyrir núverandi vegsvæði.

Guðmundur Gunnarsson: Skorar á fundarmenn að álykta um að haldinn verði annar fundur síðar með landeigendum þegar samningaviðræður hefjast.

Jón Bjarnason: Þakkar fundinn. Óskar eftir að fá sendan uppdrátt af vegarstæði þegar hann liggur fyrir.

Magnús Ágústsson: Þakkar fundinn og fagnar fyrirhugaðri framkvæmd. Lýsir ánægju með breytt viðhorf.

30.08. 2001

SE.